

MOSFELLINGUR

3. tbl. 5. árg. föstudagur 24. febrúar 2006. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, Kjalarnesi og Kjós.


Mosfellingur birtir nöfn frambjóðenda þeirra lista sem fullmótaðir eru

Línur farnar að skýrast fyrir komandi bæjarstjórnarkosningar



ljósm. Magnús Már

EIGN VIKUNNAR



**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**

Skeljatangi 4ra herb. **NÝTT Á SKRÁ**


Fallegt 94,27 m² 4ra herbergja íbúð í litlu fjórbylíshúsi - 3 góð svefnherbergi
Verð kr. 21,8 millj.

Kjarna,
Þverholti 2
Mosfellsbæ

586 8080

www.fastmos.is

Sjá nánar
á bls. 8-9



Einar Páll Kjærnested
Löggiltur fasteignasali



Gott úrval af góðum braudum.

RÉTTINGAVERKSTÆÐI

JÓNS B. ehf.
Flugumýri 2 Mosfellsbæ.

Símar: 566-7660 og 697-7685.

Fax: 566-8685.

Netfang: jonrett@internet.is



Þjónustuverkstæði.

Þjónustustafræði í fyrirtæki. Útvegið bókun.



Car-o-tronic tilvæðing



Fjör á fjögurra ára fresti

Sveitarstjórnakosningar nálgaast óðfluga og skjálfti er að færast í menn. Framboðslistar fæðast einn af öðrum og menn fara að líta um öxl og skoða hvað hefur áunnist og hvað ekki síðustu árin. Í Mosfellingi að þessu sinni birtum við þrjá framboðslista sem eru klárir. Vangaveltur eru um hversu margir flokkar taka þátt að þessu sinni enda hið pólitíska landslag alltaf að taka á sig nýjar myndir.

Skemmtilegur tími fer í hönd. Allt í einu mætir ótrúlegasta fólk á hvern viðburðinn á fætur öðrum í bæjarfélaginu. Býflugurnar leggjast í dvala á sumrin en ég hallast hins vegar að



helst þetta í hendur. Vonandi sofum ekki í hálfa öld eins og Þýrnirós. Ég neita því ekki að eitt það besta sem ég geri er að sofa. En fyrir má nú rota

LEIÐARI

því að pólitískur leggist í dvala í fjögur ár í senn. Þess á milli rúllar allt sinn vanagang og menn kippa sér ekkert upp við eitthvað smotteri. Þess vegna höfum við kannski fengið á okkur viðurnefnið **svefnbær**. Allt

en dauðrota. Við, íbúar í þessum bæ, tökum sjálfir ábyrgð á lífsmarki bæjarins. Hvert smáfyrirtækið á fætur öðru fer á hausinn og hin sem eftir eru eiga í mesta basli við að halda sér á lífi. Ýmsir menningarviðburðir eru illa sóttir og svona mætti lengi telja. Við getum sjálfum okkur um kennt, það vantar hugarfarsbreytingu og allsherjaruppvakningu bæjarbúa.

Mikil fjölgun mun eiga sér stað á næstu árum og ýmislegt er á teikni-borðinu, þ.á.m framhaldsskóli. Nú er



um að gera að taka skrefið til fulls, ekki einungis vera á tánum fyrir kosningar heldur halda áfram og vekja bæinn og bæjarbúa upp af værum blundi.

Leggjum okkar af mörkum og stöndum saman í ört stækkandi og sífellt betri bæ. Það er okkar hagar.

Hilmar Gunnarsson
ritstjóri



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

...var kirkjukór Lágafellssóknar ötull sem endra nær. Myndin er frá árinu 1960. **Fremsta röð frá vinstri:** Margrét Sigurðardóttir, Ólöf Helgadóttir, Hjalti Þórðarson organisti, Halla Aðalsteinsdóttir og Þuríður Hjaltadóttir. **Miðröð frá vinstri:** Sigríður Birna Ólafsdóttir, Guðrún Magnúsdóttir, Jón M. Guðmundsson, Þórður Guðmundsson, Klara Bergþórsdóttir, Jóhanna Jónsdóttir. **Efsti röð frá vinstri:** Ólafur Jóhannesson, Hreiðar Gottskálksson, Viggó Valdimarsson, Sveinn Guðmundsson, Ólafur Helgason, Erlendur Kristinsson og Benedikt Sveinbjarnarson.

MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Álafossvegi 18, s. 694-6426 og 897-7664.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson

Ritstjórn: Hilmar Gunnarsson, Karl Tómasson og Ágúst Bernhardsson.

Blaðamenn og pistlahöfundar:
Ásgeir Jónsson, Friðrik G. Olgeirsson
Hanna Simonardóttir, Halldór Halldórs-
son, Högni Snær Hauksson, Kara Hergils
Valdimarsdóttir, Margrét Lára Höskulds-
dóttir, Prándur Gíslason og Örn Franzson

Umbrot og hönnun:
Mosfellingur ehf.

Prófkör: Hjördís Kvaran Einarsdóttir

Prentun: Prentmet, prentað í 3000
eintökum og dreift frítt inn á öll
heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ,
Kjalarnes og Kjós

NÆSTA BLAÐ KEMUR ÚT 16. mars

Efni og auglýsingar þurfa að berast fyrir 13. mars



Börnin í bænum

Það var þínurok þegar vinirnir Gabriel Bjarnason 6 ára, Birgir Björnsson 6 ára, Pétur Einarsson 7 ára og Guðbjörn Smári Birgisson 6 ára voru að renna sér í rennibrautinni við Varmárskóla á dögnum. Þeir félagar létu það nú samt ekkert á sig fá og brunuðu niður hverja ferðina á fætur annarri.

HEILRÆÐI

Arna Sig

Haukur
Nielsen
skoraði á Arna
Sigurðsson
að koma með
heilræði.

Heilræði mitt er:

Að vera
samkvæmur
sjálfum sér

Málsháttur minn er:

Oft er betur heima setið
en af stað farið

Hjartans mál:

Fjölskyldan og vinirnir



Árni skorar á Bernharð
Hreinsson handboltafrömuð að
koma með næsta heilræði.

Atvinnu tækifæri

Vegna aukinna umsvifa
óskum við eftir sveinum
eða meisturum í heils-
og hálf dagsstörf á nýjum
og líflegum vinnustað.



TEXTURE

h á r s t o f a

www.texture.is • Sími 566 8500

Til sölu - Krókabyggð - Bókaðu skoðun



Mjög glæsilegt 230 fm einbýlishús á einni hæð með tvöföldum bílskúr og verðlaunagarði. Húsið sem stendur á hornlóð er teiknað af Jóni Guðmundssyni og innanhús arkitekt er Finnur P. Fróðason. Allar innréttingar, skápar og hurðir eru sérsmíðaðar úr lerkj, innfeld halogen lýsing er í öllu húsinu og sérstaklega góð lofthæð. **Verð 59 millj.**

Bífröst fasteignasala - www.fasteignasala.is

Lífið í bænum! Námskeið í Álafosskvos

Spænska♥Ítalska♥Enska
Hestalitir♥Byggingarmat
Silfursmíði♥Leirmótun
Sumarblóm og kryddjurtir
Spuni♥Magadans
Rope Yoga

**Nú stendur yfir innritun
MANNRÆKTIN**

ATORKA

695-6694 www.man.is 699-6684

FAMOS

aðalfundur

Aðalfundur Félags aldraðra í Mosfellsbæ og nágrenni verður haldinn í Safnaðarheimili Lágafells-sóknar mánudaginn 27. febrúar og hefst hann klukkan 20 stundvíslega.

Dagskrá fundarins verður samkvæmt félagslögum auk þess sem fulltrúi Landssambands eldri borgara mun mæta á fundinn og gera grein fyrir gangi mála varðandi viðræður LEB við ríkisstjórnina um kjara- og hagsmunamál eldri borgara.



Stjórnin



Ný gatnamót á leiðinni

Nú hefur Vegagerðin boðið út vinnu við gerð mislægra gatnamóta þar sem Vesturlandsvegur og Suðurlandsvegur mætast. Með þessu verður komið í veg fyrir þá umferð-arteppu sem þar vill verða. Þetta eru frekar góð tíðindi fyrir Mosfellinga sem hafa þurft margan morguninn að vera í langri biðröð á leið til vinnu sinnar. Verkið á að vera búið fyrir 1. nóvember næstkomandi en vegna þessara breytinga verður eitthvað um lokun á veginum og umferðatafir óumflýjanlegar á meðan framkvæmdum stendur.

Launahækkun samþykkt

Bæjarráð samþykkti á fundi þann 9. febrúar síðastliðinn að hækka laun leikskólakennara og félaga í Starfsmannafélagi Mosfellsbæjar (STAMOS). Reynt verður að hafa laun í samræmi við það sem gengur og gerist í sambærilegum störfum í nágrannasveitarfélögum. Þá er munur á sambærilegum störfum innan STAMOS sem þarf að laga til þess að koma jafnvægi á innan STAMOS.

Óviðunandi löggæsla

Á bæjarstjórnarfundum þann 15. febrúar kom fjölskyldunefnd á framfæri óánægju sinni með löggæslu hér í bæ. Nefndin telur löggæslu óviðunandi á kvöldin og um helgar. Þá hefur nefndin sérstakar áhyggjur hvað varðar viðbragðstíma lögreglunnar. Löggæslan er í höndum Reykjavíkurborgar og var ákveðið á bæjarstjórnarfundinum að bæjarstjóri fari fram á fund með lögreglustjóra Reykjavíkur til þess að finna leiðir til þess að bæta þjónustu lögreglunnar við Mosfellsbæ.



Um leikvelli og almenningsgarða

Leikvöllur eða almenningsgarður í vesturbæ Reykjavíkur. Greinarhöfundur spyr: Skyldum við Mosfellsbæingar eiga eftir að sjá jafn fallega og vandaða leikvelli hér í bænum?

Undanfarin ár hef ég oft velt fyrir mér hvers vegna leikvelli í Mosfellsbæ sé mun fátæklegri en almennt gerist og gengur í nágrannasveitarfélögum okkar. Ég kemst auðvitað ekki að neinni annarri niðurstöðu en þeirri að í þessu sveitarfélagi virðist vanta áhuga stjórnenda þess fyrir þessum málum. Síðastliðið haust gekk ég af og til um vesturbæ Reykjavíkur. Kom mér þar skemmtilega á óvart hversu inn á milli húsa var gjarnan að finna virkilega fallega og vel búna leikvelli. Leikvelli þessir voru að mörgu leyti eins og litir almenningsgarðar, þar sem áhersla var lögð á gróður, formfegurð, setaðstöðu, og fjölbreytt og vönduð leiktæki fyrir breiðan aldurs- hóp. Leiktæki á þessum völlum voru gjarnan kastalar með brú og renni- braut, klifurgrindur, rölur, sandkassar, vegasölt og ýmislegt fleira. Eitt tæki, sem var yfirleitt á öllum þessum leikvöllum vakti sérstaka athygli mína og langar mig að minnst á það hér, þar sem ég held að börnum og ung- lingum þyki það óvenju spennandi. Ekki veit ég hvað svona leiktæki heitir, en um er að ræða tvo uppfesta palla með talsverðu bili á milli. Langur stálvir er strengdur milli pallanna og hægt að renna sér á milli pallanna á spotta sem hangir úr vörnum. Fall- egir og vel búnir leikvelli í vesturbæ Reykjavíkur held ég að séu ekkert einsdæmi í Reykjavík og öðrum sveit- arfélögum hér á höfuðborgarsvæðinu að Mosfellsbæ undanskildum. En ánægjulegt væri ef hægt væri að stan- da jafn vel að verki í Mosfellsbæ, hvað leikvelli varðar, og lýst er hér að fra- man og sjá má á meðfylgjandi mynd með grein þessari.

Áhugi bæjaryfirvalda

Fyrir nokkrum árum síðan var uppi nokkur gagnrýni á umræðuvef Mosfellsbæjar hvað varðar fátæklega og illa hirta leikvelli í bæjarfélaginu. Þessari gagnrýni var harðlega mótmælt af hálfu bæjaryfirvalda, sem töldu útbúnað og umhirðu leikvalla í bænum með besta móti. Lítið finnst

mér leikvallamál hafa breyst til batnaðar síðan þessi gagnrýni átti sér stað fyrir 3 - 4 árum síðan. Nýlega sendi ég fyrirspurn til bæjaryfirvalda um hversu miklu fé hefði verið varið árlega undanfarin ár til umhirðu, viðhalds og nýframkvæmda leik- svæða í bæjarfélaginu. Í svarinu sem ég fékk kom fram að til þessara mála hefði árlega undanfarin ár verið var- ið 2,5 til 3,0 milljónum króna, utan kostnaðar í nýjum hverfum sem flokk- ast undir gatnagerð. Það gefur auga leið að lítið gerist í þessum málum í rúmlega 7000 manna bæjarfélagi ef ekki er varið til þessara mála hærri fjárhæðum en raun ber vitni. Undan- farin ár hefur bærinn veitt miklum fjármunum bæði beint og óbeint til sérstakra áhugamála hluta bæjar- búa, s.s. hestamanna og golfðikenda. Áfram stendur til að veita miklu fé til þessara mála, m.a. til byggingar 70 milljóna króna reiðhalla. Bæði golf og hestasport eru ágætis íþróttir, en væri hægt að veita viðlíka fjárhæðum til bæjarbúa almennt með gerð al- mennilegra leikvalla eða almenn- ingsgarða í bæjarfélaginu?

Áhugi bæjarbúa

Á íbúáþingi síðastliðið vor skiptu þátttakendur sér í vinnuhópa eftir ákveðnum mállefnum, s.s. skipu- lags- og byggingarmálum, umhverfis- málum, fjölskyldumálum, o.s.frv. Við lok þingsins voru niðurstöður hóp- anna kynntar. Ef ég man rétt komu tillögur frá öllum hópunum um al- menningsgarð eða garða þar sem fjöl- skyldan gæti komið saman og notið góðra stunda. Takmarkaður áhugi bæjaryfirvalda á þessum málum virðist því ekki í samhljómi við áhuga íbúa bæjarfélagsins.

Aukin útvera barna og samverustundir fjölskyldunnar

Af hálfu Lýðheilsustöðvar og ým- issa annarra aðila hefur verið vakin athygli á því hve kyrrsetur barna, hafa aukist, m.a. vegna aukinnar viðveru í

skóla og mikils tíma fyrir framan sjón- vörp og tölvur. Að sama skapi hefur og dregið úr útveru og útileikjum barna. Af þessum sökum hefur verið bent á að hvetja þurfi börn til meiri hreyf- ingar, útveru og útileikja. Við sem eigum börn á tölvuleikjaaldri í dag þekkjum flest hversu erfitt það getur stundum verið. Áhugaverð leiksvæði myndu án efa hjálpa okkur þar. Af hálfu Lýðheilsustöðvar og annarra aðila hefur einnig verið hvatt til auk- innar samveru foreldra með börnum sínum, m.a. í útveru og hreyfingu. Ef hægt væri að koma upp góðum almenningsgörðum með góðum leik- svæðum held ég að auka mætti úti- vist og útileiki barna, sem og stuðla að fleiri góðum samverustundum fjölskyldunnar. Ef vel væri að verki staðið gætu vandaðir almenning- sgarðar, ekki eingöngu orðið barnafjöl- skyldum til ánægju og yndisauka, heldur öllum bæjarbúum.

Hugmyndir um almenn- ingsgarða í Mosfellsbæ

Hugmyndir mínar um almenn- ingsgarða með vönduðum og vel útfærðum leiksvæðum eru á þann veg að í hverju hverfi verði komið upp einum slíkum og útfærslu hagað með þeim hætti að áhersla væri lögð á gróður, formfegurð, setaðstöðu og fjölbreytt og vönduð leiktæki fyrir breiðan aldurshóp. Sem dæmi mætti hugsa sér að komið yrði upp slíkum almenningsgarði í Höfðahverfi á stóru opnu svæði sem afmarkast af Skelja- tanga, Svöluhöfða og Leirutanga í austri og Arnarhöfða í vestri. Garður þar myndi nýttast vel stóru barnmörgu svæði, bæði í Höfða- og Tangahverfi. Á þessu svæði er nokkur vatnssöfnun í jarðvegi, sem nýta mætti með þeim hætti að útbúin væri grunn tjörn eða tvær tjarnir með læk í milli. Það hafa fleiri en golfarar ánægju af slíku í sínu umhverfi og ég leyfi mér að efast um að kostnaður við slíka framkvæmd yrði verulegur. Grunn tjörn gæti verið börnum uppspretta leikja allan árs- ins hring, auk þess að geta verið til mikillar prýði. Á þessu svæði mætti einnig gera aðstæður þannig úr garði að þar væri einhversstaðar hægt að renna á sleða.

Hvað varðar staðsetningu almenn- ingsgarða í öðrum hverfum mætti m.a. hvað Tangahverfi varðar hugsa sér opið svæði sem afmarkast af Brekkutanga og Borgartanga. Fyrir Holtahverfi mætti hugsa sér opið svæði sem afmarkast af Barrholti og Bergholti. Bæði þessi svæði eru í dag skipulögð sem leiksvæði, en mætti gjarnan gera svo miklu meira fyrir.

Í lokin vil ég hvetja þau stjórn- málaöfl, sem bjóða munu fram í bæjarstjórnarkosningum í vor, til að setja á stefnuskrá sína að komið verði upp almenningsgörðum í bænum í anda þess sem hér hefur verið lýst. Það stjórn málaöfl sem boðaði slíka stefnu með sannfærandi hætti fyrir kosningar í vor gæti gengið að mínu atkvæði með talsverðri vissu og án efa atkvæðum fjölda annarra.

Egill Helgason
Skeljatanga 26

Félagsstarf eldri borgara!

Enn er hægt að bæta við
þátttakendum í ferðina
til Tríer, Mósél og Rín,
dagana 28. maí - 4. júní n.k.

Einnig stendur yfir skráning
í heimsókn að Bessastöðum
14. mars.

Upplýsingar og skráning hjá
Svanhildi í síma: 5868014 e.h.
og GSM: 6920814.



ORKUHÁTÍÐ

Í tilefni Orkuátaks Latabæjar og
Mosfellsbæjar í febrúar, býður
Mosfellsbær bæjarbúum á
fjölskyldu- og leikjahátíð laugardaginn
25. febrúar kl. 10:30-12:30 í
Íþróttamiðstöðinni. Börn fædd 1998
til 2000 og fjölskyldur þeirra
sérstaklega velkomin.
Ýmsar auðveldar og skemmtilegar
þrautir verða settar upp á staðnum
sem allir geta reynt við. Solla stirða
og Halla hrekkjusvín koma í heimsókn.

Eftir hátíðina ætlar Mosfells-
bær að bjóða þeim sem
vilja að fara í sund.



Mánaðarleg hádegistilboð



Kjúklinga Máltíð

2 Bítar, Salat, Franskar & Gos

650,-



Kjúklingaborgari

Kjúklingaborgari, Franskar & Gos

650,-



Zinger Twister

Zinger Twister, Franskar & Gos

650,-

KFC MOSFELLSBÆ



Orkuátak Latabæjar í Mosó

Allan febrúarmánuð hefur verið í gangi átak hjá Latabæ til þess að efla hreysti og heilbrigði fjölskyldna í bænum. Þess vegna hefur verið frítt í sund í Varmárlaug alla sunnudaga febrúarmánaðar. Einnig var gert átak í mötuneyti skólanna þar sem eft var hollt mataræði og hlutur grænmetis og ávaxta aukinn í matarskammtinum. Orkuátakinu lýkur svo laugardaginn 25. febrúar næstkomandi og þá verður haldinn fjölskyldu- og leikjadagur í Íþróttamiðstöðinni að Varmá þar sem Solla stíra og Halla hrekkjusvín úr Latabæ mæta á svæðið og skemmta gestum.



Bugsy Malone í Stundinni okkar

Atriði úr söngleiknum Bugsy Malone sem leikhópur Lágafells-skóla setti á stokkana fyrr í vetur, var sýnt í sjónvarpsþættinum Stundin okkar á RÚV þann 12. febrúar. Stelpurnar stóðu sig afar vel í þættinum og atriðið var í alla staði glæsilegt. Leikritið var sýnt í Bæjarleikhúsinu fyrir jólin við góðan orðstír. Þess má geta að hægt að er að sjá atriðið á vef Ríkisútvarpsins, www.ruv.is.

Bærin borgar miskabætur

Hæstiréttur dæmdi Mosfellsbæ til þess að greiða ungum Mosfellingi 500 þúsund kr. í miskabætur vegna slyss sem ungi maðurinn lenti í fyrir 16 árum. Þá var pilturinn um tveggja ára gamall á leikskóla og féll á hann 180 kílóa kofi og hlaut pilturinn áverka á höfði, kviði og innri líffærum. Bótakrafa á hendur bæjarins, tæplega 15 milljónir króna vegna heilsubreysts sem drengurinn hefur þurft að lifa við síðustu ár, var felld niður vegna þess að læknar töldu slysið ekki tengjanlegt við þessa heilsubresti.



Fjölskyldan og leikskólinn

Það þykir í dag sjálfsögð þjónusta að öll börn á aldrinum tveggja til fimm ára eigi þess kost að komast að á leikskóla. Svo hefur ekki alltaf verið. Ekki fyrir svo mörgum árum síðan, í lok fyrri valdatíðar sjálfstæðismanna, voru um 100 börn á biðlista eftir að komast inn á leikskóla. Í þá tíð var að mestu boðið upp á hálf dagsvistun á leikskólum bæjarins. Á þeim árum sem síðan fóru í hönd var lyft grettistaki í uppbyggingu leikskólanna undir forystu félagshyggjufólks og var svo komið á árinu 2001 að biðlistum barna tveggja ára og eldri var útrýmt.

Leikskólagjöld, 40% hækkun

Á þeim tíma var þess gætt að halda leikskólagjöldum í lágmarki því á þessum árum var stefnan um fjölskylduvænt bæjarfélag ekki innantómt slagorð. Þá voru leikskólagjöld þau allra lægst á höfuðborgarsvæðinu svo nam tugum þúsunda á ári miðað við þau sveitarfélög sem næst komu. Nú eru aðrir tímar. Sjálfstæðismenn hafa á þessu kjörtímabili hækkað leikskólagjöld um tæp 40% og haldi svo áfram sem horfir verður Mosfellsbær með hæstu leikskólagjöldin á höfuðborgarsvæðinu innan skamms.

Systkinaafsláttur

Af málf lutningi sjálfstæðismanna mætti ætla að systkinaafsláttur og niðurgreiðslur á gjöldum hafi komið til fyrir þeirra tilstilli á þessu

kjörtímabili. Það er fjarri lagi. Þeir hækkuðu systkinaafslátt með öðru barni á leikskólum og komu því á að systkinaafsláttur gildir á milli stofnana. Það fyrirkomulag er eitt af fáum nýjungum í þjónustu við bæjarbúa sem telja má til framsækni af hálfu sjálfstæðismanna. Hækkunar sjálfstæðismanna á öllum gjöldum sem snerta barnafjölskyldur í bænum þurka út þann ávinning sem þessir afsláttir gefa þeim fjölskyldum sem þeirra gætu notið. Í því sambandi má benda á að hækkun leikskólagjalds fyrir barn í átta stunda vistun í fjögur ár nemur um 330 þús. króna.

Vistun barna yngri en tveggja ára

Áform voru uppi um, í framhaldi af því að biðlistum barna tveggja ára og eldri var útrýmt, að mæta þörf fyrir vistun barna yngri en tveggja ára. Það áform fól í sér það markmið að börn allt frá því að fæðingarorlofi foreldra lyki gætu átt kost á dagvistun. Með tilkomu meirihluta sjálfstæðismanna hefur því máli ekki verið sinnt og aldrei hefur verið eins slæmt ástand í bænum hvað varðar úrræði fyrir þær fjölskyldur sem á vistun þurfa að halda fyrir börn yngri en tveggja ára.

Gjaldfrjáls leikskóli

Umræða um gjaldfrjálsan leikskóla hefur verið mikil að undanförnu og hafa jafnaðarmenn og félagshyggjufólk farið þar fremst í



**Jónas
Sigurðsson**

skrifar um
leikskólamáli í
Mosfellsbæ

flokki. Sveitarfélög sem þessir aðilar fara fyrir svo sem í Reykjavík hafa hafið innleiðingu þessarar stefnu. Í lögum um leikskóla eru ákvæði þess efnis að leikskólinn sé fyrsta skólastig barnsins. Í ljósi þessa og svo þess að verið er að auka tengingu fimm ára deilda leikskólanna við grunnskólann flutti ég tillögu í bæjarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2006 að fimm ára deildir leikskólanna yrðu gjaldfrjálsar. Það yrði fyrsta skrefið í þeirri stefnu að leikskólar Mosfellsbæjar yrðu gjaldfrjálsir. Sú tillaga var felld af sjálfstæðismönnum.

Fjölskylduvænt samfélag

Það er mikilvægt að öll börn í bæjarfélaginu hafi möguleika á að njóta þeirrar þjónustu sem sjálfsögð þykir og stuðlar að þroska þeirra og velferð óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Það er mikilvægur þáttur og ein af forsendum í mótun fjölskylduvæns samfélags í Mosfellsbæ.

Jónas Sigurðsson
bæjarfulltrúi

Kirkjukórinn færir geðsviði Reykjalundar veglega gjöf



Valgerður Baldursdóttir (t.v.) tekur við gjöfni ásamt Helgu Hinriksdóttur (t.h.) deildarstjóra geðsviðs Reykjalundar, úr höndum Valgerðar Magnúsdóttur (f.m.) formanni kirkjukórsins.

Þann 18. desember síðastliðinn hélt kirkjukór Lágafellssóknar tónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík ásamt fjölda annarra listamanna og rann allur ágóði óskiptur til geðsviðs Reykjalundar. Innkoman var í heild 400.000 kr. og afhenti kirkjukórinn Valgerði Baldursdóttur yfirlækni geðsviðs Reykjalundar þann 14. febrúar. Þetta er í fjórða skiptið sem kirkjukórinn heldur styrktartónleika og ávallt hefur allur ágóði runnið til líknarmála.

ÞJÓNUSTA FYRIR ÖLL FARARTÆKI

dekk@dekk.is
www.dekk.is

BÆJARDEKK
Langitangi 1a - sími 566 8188

Örugg og lípur þjónusta

SECRET'S

Naglaásetningar

Naglaskreytingar

Farðanir fyrir
öll tækifæri

Tímapantanir í síma:

895-6597 / 867-9839

Kosningabaráttan er hafin af fullum krafti fyrir komandi sveitarstjórnarkosningarnar þann 27. maí

Framboðslistar flokkanna mótast

Samfylking

1. Jónas Sigurðsson
2. Hanna Bjartmars Arnardóttir
3. Anna Sigríður Guðnadóttir
4. Baldur Ingi Ólafsson
5. Óskar Ingi Sigmundsson
6. Gerður Pálsdóttir
7. Helga Dís Sigurðardóttir
8. Valdimar Leó Friðriksson
9. Aþena Mjöll Pétursdóttir
10. Ragnar Gunnar Þórhallsson
11. Lís Sigríður Greipsson
12. Aagot Árnadóttir
13. Lárus Haukur Jónsson
14. Guðný Halldórsdóttir



Sjálfstæðisflokkur

1. Ragnheiður Ríkharðsdóttir
2. Haraldur Sverrisson
3. Herdís Sigurjónsdóttir
4. Hafsteinn Pálsson
5. Gylfi Dalmann Aðalsteinsson
6. Bryndís Haraldsdóttir
7. Bjarki Sigurðsson
8. Agla Elísabet Hendriksdóttir
9. Hilmar Stefánsson
10. Elín Karitas Bjarnadóttir
11. Theódór Kristjánsson
12. Katrín Dögg Hilmarsdóttir
13. Grétar Snær Hjartarson
14. Klara Sigurðardóttir



Vinstri-Grænir

1. Karl Tómasson
2. Bryndís Brynjarsdóttir
3. Jóhanna B. Magnúsdóttir
4. Elísabet Kristjánsdóttir
5. Bjarki Bjarnason
6. Ólafur Gunnarsson
7. Katrín Sif Oddgeirsdóttir
8. Loftur Þór Þórunnarsson
9. Silja Hlín Guðbjörnsdóttir
10. Birgir Haraldsson
11. Guðjón Jensson
12. Ingibjörg B. Ingólfssdóttir
13. Davíð Örvar Hansson
14. Gísli Ársæll Snorrason



Nú líður senn að sveitarstjórna-
kosningum og listar flokka farnir að
skýrast. Mosfellingur birtir hér lista
Samfylkingar, Sjálfstæðisflokks og lista
Vinstri-Grænna. Framundan er mikil
barátta um völdin í bænum og allt það
umstang sem kosningunum fylgir.

Mosfellingur hafði samband við
Guðjón Arnar Kristjánsson hjá

Frjálslynda flokkn-
um og spurði hann
hvort flokkurinn
hyggðist bjóða fram
lista í Mosfellsbæ.
„Ég skal ekki full-
yrða um það að svo
stöddu. Frumkvæði verður að koma
frá okkar mönnum í Mosfellsbæ.



Við eigum ágætis fólk
sem gæti boðið sig fram.
Fólk hefur verið að spjalla
saman en ekkert meira en
það svo ég viti til.”

Mosfellingur tók einnig tal
af **Prestri Karlssyni**, oddvita fram-
sóknarmanna í Mosfellsbæ og spurði



hann út í komandi
kosningar.
„Það er búið að
skipa listann en það
á eftir að samþykkja
hann. Þetta verður tekið fyrir í
næstu viku. Það er þó komið á
hreint að ég og Bryndís Bjarnarson
verðum ekki með að þessu sinni.”

Frábærir tónleikar hjá Reyni Sig. og félögum

Slagverksleikarinn góðkenni Reynir Sigurðsson hélt ásamt félögum
sínunum, Gunnari Hrafnssyni bassaleikara og Jóni Páli Bjarnasyni
gítarleikara, tónleika á vegum Tónlistarfélags Mosfellsbæjar í Hlégarði
föstudaginn 10. febrúar. Eins og við var að búast voru tónleikarnir hin
mesta skemmtun enda léku þeir félagar á alsoddi. Reynir Sigurðsson var
í áráðar fyrsti slagverksleikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands og hefur
sennilega kennt allflestum trommuleikurum landsins við sérlega góðan
orðstír. Ágætis mæting var á tónleikana.



Tríóíð lék við hvern sinn finger við
mikla hrifningu viðstaddra.



Steindór Hálfðánarson prentari,
Sigurbjörg Sigurðardóttir og
Vernharður Linnet jassfræðingur.

Helgi Sigurgeirsson bókbíndari, Rósa
María Guðmundsdóttir hjúkrunarfræð-
ingur, Guðmundur Ómar Óskarsson
tónlistarkennari, Höskuldur Þráinsson
prófessor og Sighvatur Lárusson.

ÖSKUDAGSGRÍMUBALL

4. mars í Hlégarði

Í tilefni að öskudeginum verður
haldið grímuball í Hlégarði
laugardaginn 4. mars nk.
Hinn geysivinsæli dúett Hljómur
mun spila fyrir dansi.
Húsið opnar kl. 24 og kostar
1000 kr. inn en þess ber
að geta að árgangur
'81 ætlar að hittast
fyrir um kvöldið í húsinu.



ALLIR VEL KOMNIR
HÚSIÐ OPNAR KL. 24



Kjarna, Þverholti 2
Mosfellsbæ

Sími: 586 8080
www.fastmos.is



Einar Páll
Löggiltur fasteignasali



Hildur



Lína



Súluhöfði – 216,7 m2 einbýlishús

*** NÝTT Á SKRÁ*** Vorum að fá í sölu mjög fallegt og sjarmerandi 175,8 einbýlishús á einni hæð ásamt 40,9 m2 bílskúr rétt við golfvöll Mosfellsbæjar. Húsið er kandískt hús byggt árið 2000. Skipulag hússins er mjög gott, stórt eldhús með borðstofu, stofa með arni, 4 svefnherbergi, baðherbergi m/kari og sturtu, fataherbergi inn af hjólah., þvottahús og gestasalerni. Flísar og merbau parket á gólfum.

Verð kr. 49,7 m.



Akurholt – 233 m2 einbýlishús

233,4 m2 einbýlishús á einni hæð, þar af 63,7 m2 bílskúr við Akurholt í Mosfellsbæ. Undir íbúðinni er útgráfinn kjallari, þar er möguleiki á ca. 80 m2 aukarými. Húsið skiptist í 4 svefnherbergi, stóra stofu m/arni, eldhús með fallegri innréttingu og baðherbergi m/hornbaðkari og sturtu. Alvöru bílskúr með gryfju og miklu geymsluplássi. Útgráfinn kjallari undir húsinu gefur ýmis tækifæri.

****Verð kr. 39,9 m.****



Fellsás – 267,7 m2 parhús m/aukaíbúð.

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá 267,7 m2 parhús á 2 hæðum með aukaíbúð á jarðhæð, innst í botnlanga með miklu útsýni við Fellsás í Mosfellsbæ. Aðal hæðin skiptist í stofu, eldhús, 2 svefnherbergi, baðherbergi og vinnuáðstöðu, auk þess er bílskúr á þessari hæð. Á jarðhæð er búíð að innrétta góða 103 m2 aukaíbúð, með eldhúsi, baðherbergi, stofu, svefnherbergi og holi. Undir bílskúrnum er 32 m2 rými sem mögulegt væri að nýta. Þetta er tilvalin eign fyrir tvær fjölskyldur eða til útleigu.

Verð kr. 49,0 m.



Skeljatangi – 4ra herb.

*** NÝTT Á SKRÁ*** Vorum að fá fallega 94,2 m2, 4ra herbergja íbúð í litlu fjölbýlishúsi í einu vinsælasta hverfi Mosfellsbæjar. Þrjú góð svefnherbergi, lokað eldhús, góð stofa, baðherbergi og geymsla. Sameiginleg lóð til fyrirmyndar og gönguleið að húsi hellulögð með snjóbræðslu. Lágafelsskóli og leikskólinn Hulduberg er rétt hjá og því tilvalin eign fyrir barnafjölskyldu.

Verð kr. 21,8 m.



Álmholt – 236 m2 einbýli + aukaíb.

*** NÝTT Á SKRÁ*** Vorum að fá í einkasölu 236,1 m2 einbýlishús með aukaíbúð í kjallar, þar af 48,2 m2 tvöfaldur bílskúr. Aðal hæðin er 140 m2 og skiptist í stofu, eldhús, þvottahús, 4 svefnherbergi og baðherbergi. Í kjallara eru björt 2ja herbergja íbúð tilvalin til útleigu eða fyrir unglinginn. Húsið stendur djúpt í lóðinni og stórt og gott bílapan og mikill suðurgarður.

Verð kr. 48,9 m.



Þverholt – 114 m2 íbúð.

*** NÝTT Á SKRÁ*** Vorum að fá þessa 114,1 m2, 3ja herbergja íbúð á 2. hæð við Þverholt í Mosfellsbæ. Eldhús með U-laga innréttingu, góðum borðkrók og búrherbergi, stór stofa, baðherbergi m/kari og sturtu, gott svefnherbergi og stórt hjónaherbergi + fataherbergi. Þetta er stór og rúmgóð íbúð með möguleika á 3ja svefnherberginu.

Verð kr. 20,3 m.



Miðholt – 3ja herb.

*** NÝTT Á SKRÁ*** Vorum að fá 83,5 m2 3ja herbergja íbúð á efstu hæð í miðbæ Mosfellsbæjar. Mahony parket er á holi, stofu og tveimur svefnherbergjum, dúkur á baði og flísar á forstofu og þvottahúsi. Gott eldhús með borðkrók og flísaparketi á gólf. Þetta er falleg og björt íbúð miðsvæðis í Mosfellsbæ. Gott útsýni til norðurs að Esjunni og svalir í suður.

Verð kr. 17,4 m.



Prastarhöfði – 3ja herb + stæði

*** NÝTT Á SKRÁ*** Vorum að fá nýja 91,5 m2, 3ja herbergja íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli ásamt stæði í bílageymslu, við Prastarhöfða 4-6 í Mosfellsbæ. Íbúðin er stílhrein og falleg, hvítar innréttingar og inniheldur, hvítt eikarplastparket á gólfum en svartar náttúruflísar á forstofu, þvottahúsi og baðherbergi. Íbúðin er til afhendingar strax. Mjög fallegt útsýni er úr íbúðinni til suðvesturs.

Verð kr. 21,9 m.



Skeljatangi – 3ja herb.

*** NÝTT Á SKRÁ*** 84,9 m2, 3ja herbergja Permaform íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli á barnvænum stað við Skeljatanga í Mosfellsbæ. Tvö góð svefnherbergi, baðherbergi m/sturtu, sér geymsla og björt stofa og eldhús. Húsið stendur í þyrpingu svipaðra hús, í miðju hennar er lítið barnaleiksvæði. Tilvalin eign fyrir barnafólk.

Verð kr. 19,3 m.



Furubýggð – 109,5 m2 raðhús

*** NÝTT Á SKRÁ*** Vorum að fá í sölu 109,5 m2 raðhús á einni hæð við Furubýggð. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi, stór stofa og eldhús, hol, baðherbergi og sér þvottahús. Gott bílastæði er fyrir framan húsið og sér afgirtur garður í suðurátt. Húsið er byggt árið 1990, en komið er að andlitslýfingu og því tilvalið tækifæri fyrir laghenta.

Verð kr. 26,9 m.



Krókabyggð – 108 m2 endaraðhús

Erum með 96 m2 endaraðhús með 12 m2 milli lofti við Krókabyggð. Í íbúðinni eru 3 góð svefnherbergi, baðherbergi með kari, eldhús og rúmgóð stofa. Þetta er tilvalin eign fyrir þá sem vilja skapa sinn eigin stíl á íbúðina.

****Verð kr. 25,8 m.****



Kjarna, Þverholti 2
Mosfellsbæ

Sími: 586 8080
www.fastmos.is



Einar Páll
Löggiltur fasteignasali



Hildur



Lina



Prastarhöfði – 4ra herb

*** NÝTT Á SKRÁ *** Vorum að spánýja 4ra herbergja 107,8 m² endaíbúð á efstu hæð í nýju 3ja hæða fjölbýli við Prastarhöfða í Mosfellsbæ. Íbúðin er til afhendingar strax og afhendist fullbúin án gólfefna, en baðherbergi er flísalagt og flísar eru á þvottahúsi. Fallegar eikarinnréttingar eru í eldhúsi, svefnherbergjum og baði. Glæsilegt útsýni er til vesturs út á sundin. Frábær staðsetning í nýju hverfi, rétt hjá skóla og leikskóla. **Verð kr. 23,9 milljónir**



Merkjateigur – 186,6 m² einbýli

Fallegt einbýlishús á einni hæð með rúmgóðum 46 m² bílskúr í grónu hverfi í Mosfellsbæ. Í húsinu eru 4 svefnherbergi, stofa, borðstofa, eldhús, stórt miðrymi/fjölskyldurými, sér þvottahús og baðherbergi m/kari og sturtu. Húsið lítur vel út og fyrir framan húsið er fallegur suðurgarður. Bílplan er hellulagt m/snjóbræðslu. **Verð kr. 39,5 m.**



Reykjahvoll – 252, m² fokhelt einbýli

Fokhelt 252,1 m² einbýlishús á einni hæð með tvöföldum bílskúr á einstökum útsýnisstað í Mosfellsbæ. Húsið er fokhelt í dag, ljós marmaramulningi á veggjum, aluzink bárujárn á þaki, mahony gluggar og inngangshurðar og tvær hvítar bílskúrhurðar. Húsið stendur hátt í byggðinni með einsakt útsýni yfir Mosfellsbæ og fellin. Frábær hönnun, 4 svefnherbergi, 2 baðherbergi, stór stofa, borðstofa og eldhús. Húsið er tilbúið til afhendingar. **Verð kr. 39,9 m.**



Tröllateigur – 4ra herb.

Erum með stóra og bjarta 4ra herbergja endaíbúð í nýju fjölbýli við miðbæ Mosfellsbæjar. Íbúðin er á 2. hæð, en gengið er inn í íbúðina frá götu, en úr stofu er gengið út svalir með fallegu útsýni að Esjunni. 3 rúmgóð svefnherbergi, sér þvottahús, baðherbergi með sturtu og baðkari. Hvíttað birki í öllum innréttingum, flísar á forstofu, baði og þvottahúsi, hnotu plastparket á öðrum gólfum. ****Verð kr. 24,9 m.****



Urðarholt – 150 m² atvinnuhúsnæði

*** NÝTT Á SKRÁ *** Vorum að fá í einkasölu 150 m² atvinnuhúsnæði á jarðhæð í miðbæ Mosfellsbæjar. Gott verslunarpláss og inn af því hefur verið innréttuð íbúðaraðstaða. Gott gluggapláss er út á bílastæðið og gott aðgengi. Rýmið stendur við Mosfellsbakaris sem er eitt best bakari á landinu. **Verð kr. 22,5 m.**



Þverholt – 3ja herb.

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá 114,3 m², 3ja herbergja íbúð á 3ja hæð í góðu fjölbýli í Mosfellsbæ. Þetta er stór og björt íbúð, 2 góð svefnherbergi, fataherbergi inn af hjónah., baðherbergi með kari og sturtuklefa, sér þvottahúsi, rúmgóð stofa og eldhús með góðum borðkrók. Mögulegt væri að stúka af 3ja svefnherbergið. Suðursvalir og stutt í alla þjónustu. Íbúðin getur verið laust strax. **Verð kr. 21,3 m**




Tröllateigur 141-150 m² íbúðir

Eigum aðeins eftir tvær 141-150 m² íbúðir í nýju fjörbýlishúsi í byggingu við Tröllateig 43 í Mosfellsbæ. Húsið er eitt síðustu húsa í nýju hverfi sem er að rísa við miðbæð Mosfellsbæjar. Stutt er í alla þjónustu, skóla og íþróttasvæði. Íbúðirnar eru 3ja – 5 herbergja og afhendast fullbúnar með innréttingum, en án gólfefna, en þó verður baðherbergi og þvottahús flísalagt. Íbúðirnar verða afhentar í maí og júní 2006. **Verð frá kr. 27,9 m.**



Ásland – 203,8 m² parhús

Erum með mjög glæsilegt parhús, innst í botnlaga með glæsilegu útsýni. Húsið er á tveimur hæðum, á jarðhæð er bílskúr, forstofa og 2ja herbergja íbúð, en á efri hæðinni er stór stofa, eldhús, baðherbergi og 2-3 svefnherbergi. Stórt hellulagt bílplan og timburvernd að löguð að náttúrugrjóti. Húsið stendur hátt í lóðinni og því einstakt útsýni frá því. **Verð kr. 49,7 m.**



Einbýlishúsaloð í Mosfellsdal

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá í sölu 1,2 ha lóð undir einbýlishús og frístundarbúskap fremst í Mosfellsdalnum. Fallegur staður, milli Þingvallarveggar og Suðurár. Allar nánari upplýsingar gefur Einar Páll

Einbýlishúsaloð í Prastarhöfða

Erum með í einkasölu 760,3 m² byggingarlóð undir einbýlishúsi í Prastarhöfðanum í Mosfellsbæ. Heimilt er að byggja allt að 270 m² hús, hámark 240 m² á jarðhæð og hámark 60 m² efri hæð. Aðaluppdráttur af 240 m² húsi fylgir með. Lóðin er í nýju hverfi rétt við golfvöll Mosfellsbæjar, nýr leikskóli og grunnskóli eru í örskots fjarlægð og sundlaug í byggingu.



Skeljatangi – 4ra herb.

NÝTT Á SKRÁ* Vorum að fá fallega 94,2 m², 4ra herbergja íbúð í litlu fjörbýlishúsi á fallegum stað í Skeljatanga. Þrjú góð svefnherbergi, eldhús, stofa, flísalagt baðherbergi og þvottahús. Sameiginleg lóð til fyrirmyndar og lítið barnaleiksvæði í auglýn. Lágafellsskóli og leikskólinn Hulduberg er rétt hjá og því tilvalin eign fyrir barnafjölskyldu. **Verð kr. 22,3 m.**

Rithöfundurinn Jón Kalman Stefánsson
hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin 2005

„Fannst einmanalegt að heita bara Jón“

Mosfellingur blaðsins að þessu sinni er rithöfundurinn Jón Kalman Stefánsson. Jón hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin 2005 í flokki fagur-bókmennta. Þessi verðlaun eru ein þau stærstu sem rithöfundur getur fengið á Íslandi og Jón hefur nú komist í hóp okkar helstu skálda. Verðlaunin hafa verið veitt síðan 1989 og meðal rithöfunda sem þau hafa hlotið eru Auður Jónsdóttir, Þór Vilhjálmsson, Guðbergur Bergsson og Hallgrímur Helgason ásamt fjölda annarra. Jón Kalman fékk verðlaunin fyrir bók sína Sumarljós og svo kemur nóttin.

Skáldsögur, ljóðabækur og þýðingar

Jón hefur skrifað fimm skáldsögur en einnig hefur hann skrifað ljóðabækur. Hans fyrsta útgefna verk var ljóðabókin Með byssuleyfi á eilífðina

Hverjir eru fjölskylduhagir þínir?
Ég er giftur og á tvö börn, strák á áttunda ári og stelpu sem verður þriggja ára núna í sumar.

Hvað þýðir Kalman?

Þetta er írskt nafn sem ég tók upp fyrir 11-12 árum. Mér fannst svo einmanalegt að heita bara Jón og eftir að hafa hugsað um þetta í mörg ár lét ég slag standa. Kalman kemur frá landnámsmanni sem, ásamt öðrum, nam land í Akranesi en konan mín er þaðan og nafnið einhvern veginn límdist við mig. Ég komst ekki undan því.



Jón Kalman tekur við bókmenntaverðlauninum úr höndum Ólafs Ragnars Grímssonar forseta Íslands fyrir bók sína Sumarljós og svo kemur nóttin.

Hvernig líður þér í Mosfellsbænum?

Nokkuð vel. Ég flutti úr Reykjavík fyrir tíu árum til þess að komast nær náttúrunni en um leið að hafa þann möguleika að geta skotist til Reykjavíkur, og jafnframt haft aðgang að ýmskonar þjónustu hér í bænum. Mér finnst stundum vanta bæjartilfinningu hérna og það vantar kjarnann. Mosfellsbær hefur stækkað svo hratt á síðustu árum að það hefur ekki náðst að halda utan um hann. Maður hefur á tilfinningunni að bæjaryfirvöld hafi gleymt að hlúa að bæjarbragnum og hættan er því sú að Mosfellsbær breytist í úthverfi. Kannski vantar frjórri hugsun í pólitíkina hérna, brennandi metnað til þess að gera þetta að sjálfstæðum bæ með sterkum

sem kom út árið 1988. Einnig hefur Jón þýtt bókina Paradísareplin eftir danska skáldið Martin A. Hansen og ljóð eftir Charles Bukowski. Verk Jóns hafa tvisvar sinnum verið tilnefnd til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Það voru bækurnar Sumarið bak við brekkuna tilnefnd árið 2001 og Ýmislegt um risafurur og tímann tilnefnd árið 2004.

Fjölbreytileg störf í gegnum tíðina

Jón fæddist þann 17. desember árið 1963 í Reykjavík. Tólf ára gamall flutti hann ásamt fjölskyldu sinni til Keflavíkur. Jón útskrifaðist úr Fjölbrautaskóla Suðurnesja og hélt aftur til Reykjavíkur árið 1986. Hann flutti síðar út til Kaupmannahafnar og bjó þar á árunum

karakter. Þannig að fólk sem býr hérna geti lítið á sig sem Mosfelling en ekki íbúa í úthverfi.

Hvað hefurðu skrifað lengi?

Ég byrjaði að fíkta við þetta um títugt og hef verið að síðan. Og haft það að aðalatvinnu síðustu sex árin.

Hvaða þýðingu hafa bókmenntaverðlaunin fyrir þig?

Þetta er talsverð kynning og verk manns spyrjast betur út, en ég velti því svo sem ekkert fyrir mér hvað þau gera. Ég er auðvitað glaður að fá þau en maður heldur bara áfram með sitt og reynir að gera betur en áður.

Hvernig verður bók til?

Yfirleitt kviknar einhver hugmynd eða stemning, grunur um eitthvað sem maður reynir síðan að ná utan um, en maður getur verið margar vikur eða mánuði að átta sig almennilega á hvert maður ætlar með bókinni, hverju eigi að ná. Ég er kannski hálfnaður með sjálft verkið, þegar ég geri mér sæmilega grein fyrir á hvaða leið ég er. Þetta verður smám saman til og hjá mér, og það er engin ein hugmynd á bak við bók, frekar kannski að tala um mörg brot sem ég raða saman í eina heild.

Hvaðan færðu innblástur?

Bara frá lífinu sjálfu. Það er einfaldasta og sannasta svarið.

Hvar finnst þér best að skrifa?

Bara við skrifborðið hjá mér. Umhverfið gleymist strax og maður byrjar að skrifa. Það dettur bara út og skiptir ekki máli hvort ég horfi á vegg eða sé með glæsligt útsýni, það er algert aukatríði.

Hvernig er þessi týpíski vinnudagur hjá þér?

Ég vinn mest á morgnana. Byrja svona um sex eða þá rúmlega átta þegar börnin eru farin í skólann. Ef ég er að frumskrifa duga ég mest í þrjá til fjóra tíma, þá er ég alveg búinn, algerlega tæmdur, þetta er svo djúfulleg einbeiting. Þá nýti ég það sem eftir er dagsins í eitthvað annað, grip kannski í að þýða,



Jón Kalman á heimili sínu ásamt syni sínum Bekan Sigurði.

1992-1995 en flutti þá aftur heim til Íslands. Jón hefur unnið við ýmis störf og þar má þar nefna saltfiskvinnu, eitt sumar sem lögreglumaður, kennslu í bókmenntum, skúringar

og fleira. Jón Kalman starfaði einnig sem bókavörður við Héraðsbókasafn Mosfellsbæjar til vorsins 2000 en síðan þá hefur hann starfað sem rithöfundur.

Mosfellingur kíkti í kaffi til Jóns og lagði nokkrar spurningar fyrir hann.

les, fer í göngutúr eða hlusta á tónlist. Það er nauðsynlegt að hlaða sig aftur. Ef ég er lengra kominn, þá get ég verið að allan daginn að vinna.

Er ný bók í bígerð?

Já, ég er búinn að vera að grufna í henni síðan í haust. Það er meiri heimildarvinna á bak við hana heldur en aðrar bækur mínar, svo ég veit ekki alveg hversu lengi ég verð að, en það er ansi langt í land núna.

Hver er uppáhalds rithöfundurinn þinn?

Það er enginn einn. Maður er alltaf að uppgötva nýja og nýja höfunda. Nokkrir hafa þó fylgt manni í gegnum tíðina. Knut Hamsun, Þórbergur Þórðarson, Hannes Pétursson, Hannes Sigfússon, Thomas Mann. Maður getur auðveldlega talið upp 15 nöfn og fyrir hvern einn sem maður telur upp, sleppir maður þremur, fjórum.

Er rithöfundarstarfið draumastarfið þitt?

Ég man þegar ég var í Noregi að sumri til að vinna í álverkssmiðju, árið 1985, þá kviknaði þessi óstjórlegga þrá að geta unnið við þetta. Ég hef stefnt að því alveg þrotlaust síðan. Ég get ekkert annað, kann ekkert annað, ekki lengur. Þetta er lífsstarf. Maður komst ekkert undan þessu, þetta var svo sterk hvöt.

Hvað finnst rithöfundinum um sjónvarpið sem keppinaut bókmennta?

Það er enginn keppinautur. Bókin lifir alltaf. Hún er ósigrandi. Sjálf-sagt horfa sumir óþarflega mikið á sjónvarp, lætur það hugsa fyrir sig, það er svo þægilegt að sitja og bara horfa, og það er óþarflega mikið af rusli á dagskránni, en fólk á alltaf eftir að sækja í bækur, sjónvarpið nær aldrei utanum þá heima sem rúmast í bókunum.

Horfir þú mikið á sjónvarp sjálfur?

Nei ekki mikið. Stöku fótþoltaleik eða fræðsluþátt, góða bíómynd.

Ég hef bara annað við tímann að gera. Og fréttir, en mér finnst raunar betra að lesa fréttirnar í blöðum, það síast meira inn þannig, og situr betur eftir.

Er íslensk tunga í hættu?

Nei, nei. Fyrir 50 árum voru til dæmis margir áhyggjufullir, en hún er sprellífandi í dag. Það þarf auðvitað að vera á varðbergi. Það er tungumálið sem gerir okkur að þjóð. Við erum bara þínulítill þjóð í Atlantshafinu og ef við glutrum tungumálinu niður, þá missum við þjóðernið. Ég held að hún sé ekkert í meiri útrýningarhættu í dag en fyrir 50 árum. En öruggstanga leiðin til að viðhalda tungumálinu er að láta krakana byrja lesa snemma, ekki láta þau sogast inn í tölvuleiki eða fjölðaframleitt bandarískt sjónvarpsefni.

Önnur áhugamál?

Jú, tónlist íþróttir og útivera. Ég stunda fótþolta og badminton, og hleyp stundum. Það er svona eitt og annað sem maður fyllir lífið með.

Hvert er þitt mesta stolt?

Það eru börnin. Knut Hamsun var eitt sinn spurður að því hvað það væri sem stæði uppúr í hans lífi, hann var þá á gamalsaldri og búinn að sigrá heiminn margoft með bókum sínum. Hann var fljótur til svars; það sem skipti máli væri að hann hefði eignaðist fimm börn, það væri kjarninn í hans ævi.

Jón hefur gefið út ljóðabækur en segist ekki kunna það lengur. Nú fari allt í skáldsögurnar hjá honum. Hér er ljóð eftir Jón úr ljóðabók hans, *Hún spurði hvað ég tæki með mér á eyðieyju*, sem kom út árið 1993.

Ljóð frá liðnu sumri

vinur
nú er dagur
til að reka lífið áfram með spörkum
höggva á þyngdarafl vanans
í stað þess að leggjast dæsanandi
að bryggju
og ryðga ofan í sjóinn
eftir ævintýraferð um höfnina

grípum þetta tækifæri sem enginn rétti okkur

Listaskóli Mosfellsbæjar

- einstakur á landsvísu

Þann 1. febrúar var Listaskóli Mosfellsbæjar stofnaður með formlegum hætti, þegar bæjarstjórn Mosfellsbæjar staðfesti tillögur fræðslunefndar um stofnsamþykkt og stefnumótun Listaskóla Mosfellsbæjar. Jafnframt voru samþykktir samstarfssamningar Listaskólans við Skólahljómsveit Mosfellsbæjar, Myndlistarskóla Mosfellsbæjar og Leikfélag Mosfellsveitar.

Listaskóli Mosfellsbæjar er einstakur á Íslandi að því leyti að með stofnun hans mun eflast samstarf aðila sem komið hafa að listnámi í bæjarfélaginu með einum eða öðrum hætti, enda markmið skólans að efla samstarf milli ólíkra listgreina. Einnig verður að telja að skipulag Listaskólans sé einstakt á landsvísu, þar sem komið er á samstarfi milli frjálsra félagasamtaka, einkaaðila og sveitarfélags um skipulag og rekstur.

Í umfjöllun bæjarstjórnar að þessu tilefni kom meðal annars fram að með stofnun Listaskóla Mosfellsbæjar er lagður grundvöllur fyrir enn frekari eflingu listnáms í Mosfellsbæ. Þannig næst að samþætta starfsemi tónlistarskóla, skólahljómsveitar, myndlistarskóla og leikfélags auk þess að tryggja tengsl á milli þessara aðila. Jafnframt



Atli Gunnlaugsson, Ásdís Sigurpórsdóttir og Ragnheiður Ríkharðsdóttir við undirritun.

skapast betri möguleikar á að auka tengsl við fleiri aðila utan stofnana bæjarins. Þá var lögð áhersla á að full samstaða í bæjarstjórn hafi verið um undirbúning að stofnun Listaskóla Mosfellsbæjar enda markar skóla- stefna bæjarins þessi spor og jafnframt að formleg stofnun skólans markar framfaraspor í skólamállum Mosfellsbæjar.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar óskaði stjórnendum, starfsfólki, samstarfsaðilum sem og nemendum velfarn- aðar í starfi og námi á vegum skólans.



Þorgerður Katrín og Björn Þráinn í hörkusamræðum.

Margt góðra gesta lagði leið sína í bæjarleikhúsið.

Toppform veitir verðlaun



Verðlaunahafarnir saman komnir ásamt Ölfu Jóhannsdóttur (t.v.) og Hauki Hafsteinsyni (t.h.)

Allir þeir sem keyptu árskort í janúarmánuði í heilsuræktarstöðinni í toppformi að Varmá, fóru í pott og úr honum var svo dregið þann 4. febrúar. Í verðlaun voru fjögur sumarkort hjá golfklúbnum Kíli. Hvert kort er að verðmæti 55.000 kr. og því til mikils að vinna. Í pottinum voru 34 nöfn og vinningshafarnir heppnu voru allir kvenkyns. Það voru þær Sigrún Erlendsdóttir, Aðalheiður Ragnarsdóttir, Elín Snorradóttir og Halla Svanhvít Heimisdóttir. Haukur Hafsteins- son, formaður golfklúbbsins og Alfa Jóhannsdóttir fyrir hönd í toppformi afhentu vinningshöfum verðlaunin.

ORÐIÐ ER LAUST...

Hér gefst lesendum kostur á að láta skoðanir sínar í ljós í stuttu máli. Netfangið er mosfellingur@simnet.is

Ótillitsamir blaðberar

Blaðberar! Er ekki kominn tími til þess að hætta að labba inn á lóðir hjá fólki sem vill ekki að þið gerið það? Er ykkur ekki sagt hvernig á að bera út blöðin? Ef ykkur er ekki kennt það þá er ekki gott að vera blaðberar.

Við sem búum hér í Bugðutanga 10 og 8 lendum alltaf í því að blaðberarnir labba inn á lóðina hjá okkur, stytta sér leið með því að labba meðfram gluggum og okkur þykir þetta ansi langt gengið, bara til þess að þurfa ekki að fara niður tröppurnar til þess að fara frá Bugðutanga 10 í Bugðutanga 8. Það er erfitt að þurfa að biðja fólk um að hætta þessu en þetta er til skammar og því biðjum við ykkur að hugsa hvort er betra að þið fáið skammir eða bætið ykkur og þá losnið þið við skammirnar. Ég myndi vilja frekar vilja bæta mig en að fá skammir.



Kveðja

Helga Pálína Sigurðardóttir

Glötuð heimasíða

Valgeir setti sig í samband við Mosfelling og sagði: Hvað er eiginlega í gangi með vefsíðu Aftureldingar? Það átti að opna nýja og bætta síðu ein- hvern tíma í nóv- ember en ekkert hefur gerst. Allt sem þar er inni er eldgamalt og engin einasta virkni. Þetta er náttúrulega bara bull! Fólk getur ekkert nálgast það sem er í gangi hjá félaginu! Takið til sín sem eiga.



FEBRÚAR

Kafbátur mánaðarins

Kalkúnsbrínga og skinka

með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða



Gildir í febrúar 2006
Gildir ekki í Stjórnunumáli
Gildir ekki með öðrum tilboðum

6 tommu bátur **kr. 299**

12 tommu bátur **kr. 598**





Nýir vélsleðar hjá Kyndli

Björgunarsveitin Kyndill keypti rétt eftir áramót tvo nýja vélsleða til björgunarstarfa. Sleðarnir eru útbúnir talstöðvum, GPS-staðsetningartækjum, sjúkratöskum, sigbúnaði, snjóflóðastöng og fleiru sem gagnast vel við hinar ýmsu aðstæður sem fram koma við björgunarstörf. Annar sleðinn er af gerðinni Polaris Switchback en hinn er Artic Cat M7. Báðir eru þeir af árgerð 2006. Þessi kaup eiga eflaust eftir að koma sér vel og reynast dýrmæt fyrir björgunarsveitina í framtíðinni.



Opin vika hjá Listaskólanum


Í vikunni sem er að líða var opin vika hjá tónlistardeild Listaskóla Mosfellsbæjar. Nemendur og kennarar fóru um bæinn, heimsóttu leikskóla, grunnskóla, stofnanir og fyrirtæki, sungu og spiluðu fyrir fólk á förnun vegi. Vikan var á engan hátt lík hefðbundinni kennslu og kunnu nemendur jafnt sem bæjarbúar vel að meta þetta framtak skólans sem setti skemmtilegan svip á bæjarlífið.

Veistu svarið?

- 1 Hver er slóðin á heimasíðu Mosfellinga?
- 2 Hvað heitir skátafélagið hér í bæ?
- 3 Númer hvað er strætisvagninn sem þjónar Mosfellingum?

SVÖR: 1. www.mosfellingur.is
2. Skátafélagið Mosfellingar 3. Leið 15

Sögukornið



Friðrik G. Olgeirsson
rifjar upp gamla tíma úr sveitinni

Þáttur af Sigurði forstjóra á Hlaðhömrum

Sigurður Jónasson forstjóri, sem um tíma bjó á Hlaðhömrum í Mosfellssveit, var þjóðþekktur maður á fyrri hluta 20. aldar. Fljótt fennir í sporin og viðbúið að fáir bæjarbúar sem nú eru á dögum þekki til hans. Úr því verður bætt lítillaga í pistli dagsins.

Sigurður þessi var fæddur árið 1896 í Miðfirði í Húnaþingi. Hann lauk stúdentsprófi frá MR árið 1916 og lögræðið frá HÍ árið 1923. Premur árum seinna hóf hann störf hjá Tóbaksverslun Íslands og á árunum 1932–1947 var hann forstjóri fyrirtækisins. Hann var einnig forstjóri Raftækjaverslunar Íslands 1930–1935. Eftir að ríkið tók upp á því að einoka alla skapaða hluti var Sigurður gerður að forstjóra Raftækjaeinkasölu ríkisins og seinna Tóbaks-einkasölu ríkisins. Í millitíðinni, á árunum 1946–1951, var hann forstjóri Olíufélagsins hf. Starfsprekið var mikið og Sigurður var bæjarfulltrúi í Reykjavík 1928–1934 og átti lengi sæti í fjölmörgum nefndum og ráðum á vegum Reykjavíkur og ríkisins.

Sigurður, sem var piparsveinn, var umsvifamikill fjármála- og framkvæmdamaður og gerði marga góða hluti þótt hann væri umdeildur og ekki alls staðar í hávegum hafður. Árið 1935 keypti hann Geysi í Haukadal af erlendum manni og gaf Íslendingum. Sex árum seinna gaf hann þjóðinni Bessastaði á Álftanesi til búsetu fyrir ríkisstjórnann, seinna forseta

lýðveldisins.

Á fimmta áratug síðustu aldar var þéttbýlismyndun í Mosfells-sveit stutt á veg komin en þó þéttist byggðin smám saman. Árið 1947 byggði Aðalsteinn Eiríksson nýbýlið Hlaðhamra í landi Markholts. Í fyrstu var húsið aðeins lítið hermannahús sem Aðalsteinn flutti frá Brúarlandi en þar hafði það verið notað á stríðsárunum. Ári seinna stækkaði Aðalsteinn húsið til suðurs og útbjó þar bílskúr. Árið 1949 seldi hann það nefndum Sigurði forstjóra sem breytti bílskúrnum í stofu. Sigurður var samt mikill bíladelallamaður og á hlaðinu stóðu gljáfægðar drossiur hans eins og bílar voru gjarnan kallaðir á þeim árum. Sagt er að hann hafi notað kassafjalir utan af nýjum bílum til að stækka hús sitt.


Fljótlega fór forstjórinn á Hlaðhömrum að verða var við álfa í klettunum í holtinu norðan við húsið. Að fáum árum liðnum vildi hann komast burt frá þeim. Álfarnir sögðu Sigurði að hann yrði að selja fyrri eiganda húsið aftur og árið 1954 keypti Aðalsteinn sitt gamla góða hús. Hann bjó þó ekki lengi í því og seldi það laust fyrir miðjan sjöunda áratuginn Snælandi Grímssyni bifreiðastjóra sem þá hafði sérleyfi á leiðinni milli Reykjavíkur og Mosfellsveitar. Skammt norðaustan við Hlaðhamra var verkstæði Snælands, seinna áhaldahús bæjarins en þar er nú Bæjarleikhúsið.



Um miðjan áttunda áratuginn keypti Mosfellshreppur Hlaðhamra af Snælandi Grímssyni og í október 1976 tók þar til starfa leikskóli. Þar er hann enn og hefur byggingin verið stækkuð í takt við þarfir skólans.

Fróðlegt er að vita hvað álfarnir hafa að segja um framkvæmdirnar sem eru nú í Urðunum eða klettunum góðu.

Friðrik G. Olgeirsson
sagnfræðingur



Ný reiðleið samþykkt

Bæjarstjórnin hefur samþykkt deiliskipulag um nýja reiðleið frá Vesturlandsvegi við Varmá, upp að Hafravatni. Þetta er hestamönnum kærkomið því þeir hafa lengi barist fyrir reiðleið í gegnum Reykjavahverfið. Nýja leiðin mun byrja við Vesturlandsveginn hjá undirgöngunum, fara meðfram göngustíg í átt að Teigahverfinu fyrir neðan Hamarsteig. Þaðan liggur leiðin í Teigagil og upp í gegnum athafnasvæðið við Meltun. Eftir það mun leiðin liggja í átt að gamla hænsnabúinu við Teig og þaðan í átt að Úlfarsfelli. Því næst liggur leiðin í átt að Hafravatni. Það er vonandi að þessi nýja reiðleið líti dagsins ljós fljótlega og verði vel nýtt af hestamönnum bæjarins.



Karate fyrir alla

Karatedeild Aftureldingar hefur nú starfað í nokkur ár með góðum árangri undir frábærri stjórn Vicente og aðstoðarpjálfa hans. Mikill uppgangur er hjá deildinni og þátttakendur á öllum aldri æfa þrisvar til fjórum sinnum í viku.

Karate er góð, skemmtileg og fjölbæf íþrótt sem sam-einar og eykur bæði andlegan og líkamlegan styrk einstaklinga. Eitt af því sem gerir íþróttina svo spennandi er að auk þess sem að einstaklingurinn keppir við aðra á mótum, er mikið kapp að ná svokölluðum beltum. Þegar einstaklingurinn hefur náð ákveðinni færni þá tekur hann beltapróf og verðlaunin eru mismunandi lituð belti. Hjá yngstu kynslóðinni er þetta mikil hvatning til að stunda æfingarnar af kappi.

Karate er einnig frábær líkamsrækt fyrir fullorðna sem sameinar þol, styrk og liðleika. Á æfingum er mikið um almenningar æfingar sem henta mjög vel fyrir konur og karla á öllum aldri sem vilja stunda öðruvísi líkamsrækt.

Allir sem hafa áhuga á að kynna sér þessa frábæru íþrótt geta komið í fría kynningarviku.

Æfingatímar eru eftirfarandi:

Mánud./þriðjud./fimmtud.

Kl. 17.00 Yngsti hópur 5 til 8 ára


Kl. 17.50 Miðhópur 9 til 14 ára

Kl. 19.05 Unglingar og fullorðnir

Æfingar fara fram í íþróttahúsinu og allir sem hafa áhuga á að prófa eru hvattir til þess að mæta, sama á hvaða aldri þeir eru.



Fríður hópur karate iðkenda



Foreldrar eru duglegir við að hjálpa til.



Afturelding fær liðsauka að austan

Meistaraflokkur Aftureldingar í knattspyrnu hefur fengið til sín þrjá nýja leikmenn fyrir komandi átök í sumar. Þórarinn Máni Borgþórsson frá Hugin, Anton Ástvaldson frá Hetti og Svanur Freyr Árnason frá Leikni eru nú komnir í bæinn og eiga vonandi eftir að nýttast vel í baráttunni í 2. deild í sumar. Þórarinn lék með Aftureldingu árið 2004 og bróðir hans, Gunnar, er fyrir hjá Aftureldingu. Anton er ungur varnarmaður sem spilaði í 3. deildinni síðasta sumar. Svanur Freyr kemur til með að auka vídd hópsins enn frekar en hann er bæði varnar- og miðjumaður.

Handboltinn rúllar

Nú er handboltinn hjá meistaraflokki loks farinn af stað aftur eftir um tveggja mánaða frí. Fyrsti leikur eftir fríð fór ekki vel en okkar menn



lágu í valnum fyrir spræku liði Fram. Leikurinn endaði 18-27. Leið Aftureldingar lá svo norður um síðastliðna helgi þar sem Akureyrarliðið Þór var sótt heim. Sá leikur endaði með jafntefli 27-27. Næsti leikur verður þann 1. mars og það er heima-leikur gegn Fylki. Það er um að gera að mæta að Varmá og hvetja strákana til dádá.

Kristrún deildar-meistari 2005

Mosfellingurinn Kristrún Sigurjónsdóttir stendur sig

feikivel með meistaraflokki Hauka í körfubolta. Haukastelpurnar urðu deildar-meistarar í Iceland Express-deildinni



nú á dögnum. Þetta er fyrsti deildarmeistaratitillinn í sögu körfuknattleiksdeildar kvenna hjá Haukum. Lítið hefur verið um körfu hér í bæ en nóg virðist vera um hæfileikana.

Sýnilegur stuðningur



FYRIR

Í tilefni þess hátíðlega viðburðar þegar ljósin voru kveikt á Varmárvelli eftir 15 ára notkun hans viljum við, afreksfólk í íþróttum, þakka fyrir þann góða vilja og framsýni hjá þeim forráðamönnum sem hvetja til aukinnar

hreyfingar allra sveitunga með þessu framtaki.

Nú er hægt að stunda ýmsar hlaupaæfingar á vellinum langt fram á kvöld yfir vetrarmánuðina. Auk þessa hefur fengist leyfi til þess að



EFTIR

ryðja snjó af brautinni þegar snjóalög eru mikil. Þetta er stórt framfararskref eftir 15 ára notkun vallarins.

Takk innilega fyrir.

Afreksmenn og almenningur í Mosfellsbæ

Afturelding leikur í íþróttafatnaði frá Jako

NAMO ehf. - Þverholti 2 - Kjarna
S. 566-7310 og 896-0131

Fax: 566-7241
namo@namo.is





Leikfélagið frumsýnir í beinni

Leikritið **Í beinni** var frumsýnt um helgina í bæjarleikhúsinu. Leikfélag Mosfellssveitar stendur fyrir sýningunni og leikritið var samið af þeim Hrafnkatli Stefánssyni og Nóa

Kristinssyni. Guðný María Jónsdóttir leikstýrir verkinu og fjöldi fólks tekur þátt í uppsetningunni. Leikritið gerist í lokapætti spjallþáttar og stjórnandi hans er hinn óviðjafnan-

legi Benni Gumm. Þessi lokapáttur gengur brösuglega fyrir sig og eiga sér stað margar óvæntar upptakomur. Leikritið er afar skemmtilegt og er fyrir alla fjölskyldumeðlimi.

Næstu sýningar eru föstudaginn 24. febrúar kl. 20 og laugardaginn 25. febrúar kl. 20. Mosfellingar eru hvattir til að kíkja í bæjarleikhúsið á þessa stórskemmtilegu sýningu.



Nýjungar á Texture

Stelpurnar á Texture hafa nú bætt þjónustu sína og þar er hægt að fá margt fleira en hárklippingu. Þær bjóða nú upp á nýja tegund hárlenginga sem slegið hefur í gegn um víða veröld. Þá er einnig hægt að fá litun/plokkun og förðun á staðn-um. Förðunar- og snyrtivörur frá Cee & Bedhead eru þar nú fáanlegar. Hægt er að nálgast upplýsingar um stofuna á vefsíðunni www.texture.is.



Breytingum lokið á Huldubergi

Nú er breytingum á leikskólanum Huldubergi lokið. Eftir breytingarnar verður aðstaða starfsmanna betri, salernisaðstaða bætt og einnig fatahengi. Þessu fylgir að nú geta fleiri börn fengið vistun á Huldubergi og þess vegna verður eldunaraðstaða hússins stækkuð og endurbætt. Deildirnar tvær sem verða í nýbyggingunni eru komnar með nöfn og heita Álfaberg og Tröllaberg. Elstu börnin koma til með að

Davíð fær Gullmerki

UMSK veitti Davíð B. Sigurðssyni Gullmerki fyrir störf í þágu aðildarfélags og íþróttahreyfingarinnar. Davíð starfaði fyrir handknattleiksdeild Aftureldingar og Handknattleikssamband Íslands í rúm 25 ár og fékk m.a. viðurnefnið „faðir handboltans“ í Mosfellsbæ. Valdimar Leó formaður UMSK afhenti Davíð Gullmerkið á dögunum.



Davíð, faðir handboltans, ásamt Valdimari Leó Friðrikssyni formanni UMSK.



Í eldhúsinu hjá Helgu

Bragðmikið Chilli Con Carne

Helga Jóhannesdóttir, sem nýlega stofnaði Listaskóla í samstarfi við Mosfellsbæ, er í eldhúsinu að þessu sinni. „Þetta er dúndurgóð uppskrift að bragðmiklu Chilli Con Carne, sem er upplagt að gæða sér á, á köldum vetrardögum“

olía.
2 laukar.
700 gr. nauta-og svínahakk.
3 hvítlausrif.

Þetta er steikt á pönnu og látið síðan malla í 1 klukkustund ásamt:

1 tsk. chilliblöndu.
2 msk. oregano.
1 msk. kuminfræjum.
1 dós tómötum.
salti og pipar.

Síðustu 15 mínúturnar bætast við:

1 msk. eplaedik.
1 tsk. sykur.
1 dós chillibaunir.

Þá er rétturinn tilbúinn til skreytingar:

4 msk. sýrður rjómi.
4 msk. guacamole.
lófayfylli af vorlæk eða graslæk paprikuduft.



Salatið sem Helga notar sem meðlæti inniheldur rúccola, sherrytómata, olívuolíu með basil og sitrónupipar.



Hið árlega sjávarréttahlaðborð Lionsklúbbs Mosfellsbæjar var haldið í Hlégarði

Árlegt herrakvöld Lions

Að vanda fjölmenntu karlmenn úr Mosfellsbænum á hið glæsilega sjávarréttahlaðborð þeirra Lionsmanna. Herrakvöldið var haldið þann 17. febrúar síðastliðinn. Að þessu sinni var veislustjóri kvöldsins Bryndís Schram og ræðumaður kvöldsins var eiginmaður hennar Jón Baldvin Hannibalsson. Þau hjónin hafa komið sér vel fyrir í Mosfellsbænum eftir margra ára dvöl erlendis. Eins og venjulega rennur ágóði þessa kvölds til styrktar góðu málefni sem ekki var búið að ákveða þegar Mosfellingur fór í prentun. Hér fyrir neðan má sjá myndir sem teknar voru í Hlégarði.



Gömlu góðu handboltakempurnar
Davíð B. Sigurðsson, Jóhann Guðjónsson
og Einar Þorvarðarson



Framarinn og Sjallinn, Björgvin Njáll
Ingólfsson og Haraldur Sverrisson



Veislustjórinn Bryndís Schram ásamt
eiginmanni sínum og ræðumanni kvölds-
ins Jóni Baldvini Hannibalssyni



Pengill Oddsson lækni og Jón Benedikts-
son framkvæmdastjóri á Reykjalundi



Snæbjörn Jónsson fyrrverandi sveitarstjóri
og Ingvar Ingvarsson lækni



Pétur Haukur Ólafsson tryggingamaður
og Hafsteinn Pálsson bæjarfulltrúi



Viktor Guðbjörnsson, Guðbjörn Sigvalda-
son og Magnús Kristmannsson flottir



Kristinn Magnússon, Helgi Ólafsson og
Sveinn Sveinsson léku á alls oddi



Valdemar Jónsson sá um að koma
kórhlunum í rétta skapið með
skemmtilegum harmonikkuleik



Bryndís Schram var veislustjóri og
stóð sig með einstakri þryði



Gröfumeistararnir Guðjón Haraldsson og
Jón Sverrir Jónsson flottir í tainu.



Kristinn Hannesson rafvirki og Gylfi
Guðjónsson öðukennari kampakátir



Bjarni Ásgeirsson, Gunnar Magnússon og
Guðmundur Jónsson mæta ávallt



Tveir vinir og báðir í stuði.
Karl Tómasson og Þróstur Lýðsson



Velheppnað skemmtiatriði fjögurra
yngismeyja féll í góðan jarðveg



Björn Ástmundsson, Jón Baldvin, Ívar Bene-
diktsson og Sigurður B. Guðmundsson.



Karl Loftsson, Guðjón Kristinsson og
Þórarinn Jónsson sáu um happdrættið



Ístex-kapparnir Guðjón Kristinsson
og Axel Axelsson ásamt Presti Karlssyni



Haraldur Sigurðsson og Ingi Ingimundar-
son skála, Kiddi fylgist kátur með

Kæru bæjarbúar!



Í þessum litla pistli höfum við ákveðið að segja ykkur frá því sem við teljum vera vaxandi vandamál hjá æsku bæjarins. Þannig standa mál með með vexti að við „eldra“ fólkið í Gaggó Mos erum búin að glata allri virðingu nýliða skólans. Til þess að sýna ykkur stöðu okkar betur höfum við ákveðið að segja ykkur frá því hvernig þetta tíðkaðist hér áður fyrr. Þegar við vorum á okkar yngri árum og vorum úti að leika okkur og sáum hóp unglinga nálgast þá byrjaði maður strax að óttast um líf sitt, tók til fótanna og tók skyndibeygju til vinstri (better save than sorry) =). En ef við tókum stórt hopp til nútímans sjáum við nýja kynslóð af ungu fólki sem er gjörsamlega búin að missa allt niður um sig. Í stað þess að taka til fótanna og beygja til vinstri þegar þau sjá unglingahóp nálgast, þá byrja þau að kalla okkur öllum illum nöfnum sem við vissum ekki einu sinni að væru til í orðabók unga fólksins. Það er greinilegt að eitthvað hefur gleymst í uppeldinu. Svo við tókum nú annað dæmi þá lentum við í því á ósköp venjulegum þriðjudegi að ganga inn í skólann frekar djólli og ánægðar með lífið (loksins komnar á toppinn í 10. bekk) en það sem blasti hins vegar við okkur var hópur vafasamra 7. bekklinga sem sat efst í stiganum. Okkur brá nú heldur betur í brún en héldum þó ró okkar og róltum upp að þeim og báðum þau vinsamlegast um að yfirgefa svæðið. Því eins og allir vita er stiginn eign 10. bekklinga og er hann fyrir okkur jafn heilagur og Hemmi Gunn. En viðbrögðin sem við fengum voru ekki eins og ætlast mætti til af þeim. Þau tóku upp orðabókina og gáfu okkur síðan puttann. Þá varð mælirinn fullur en þetta endaði síðan allt þannig að við stúlkurnar vöknudum upp hjá Soffíu hjúkku báðar með sprungna vör og glóðarauga. Við höfðum tapað orrustu dagsins og nú getum við ekki lengur sofið um nætur af ótta við að fara í skólann og þurfa að feisa 7. bekklingana, allt út af fightinu fræga.

Boðskapur pistilsins er því þessi: Lífið er ekki alltaf dans á rósum.

Kærar kveðjur Elva og Þórdís



Þórdís & Elva

BLAÐAMANNAKLÚBBUR BÓLSINS
Fomaður: Gísli Már Guðjónsson

Slææ í bæjarstjórn

Það fer nú senn að líða að kosningum. Sjálfstæðismenn hafa stjórnað undanfarin fjögur ár og þeim þykir vel að verki staðið. Framsókn og vinstri menn eru hins vegar ekkert á sama máli og lýst barasta ekkert á þetta. Ég segi Slææ í stjórn! Já, Slææ í bæjarstjórnarstólinn. Flokkurinn minn mun heita „Svona er bransinn“. Það væri klárlega góður kostur að fá ungt og ferskt blóð inn.

Mitt fyrsta verkefni sem bæjarstjóri væri klárlega að setja upp gamla góða markið við Varmárskóla. Þetta mark var allt. Ég meina hvað breyttist? Ekki færðist skólinn. Þetta er bara ömurlegt. Þótt við vinirnir séum þarna hálf fullorðnir menn að sparka í vegg, þá er það bara hið besta mál.

Næst myndi ég setja upp almennilega aðstöðu fyrir ólympískar lyftingar niðri í íþróttahúsi. Það er forgangsatriði. Ég myndi líka setja á laggirnar einhvers konar afþreyingu fyrir ungt fólk. Það er bara ekkert í gangi hérna! Eftir að krakkar eru orðnir of gamlir fyrir bólið...þá er bara að gjöra svo vel að hypja sig út fyrir bæjarmörkin í leit að félagslífi. Öllum er illa við drykkju, partýstand og hvað annað. Hvernig væri þá að bjóða upp á eitthvað annað?

Það sem er hins vegar mikilvægara er að hafa gott fólk sér til aðstoðar. Réttu fólkið til að koma hlutunum í framkvæmd. Svona myndi Slææ-stjórnin lýta út:



Ljósbraðinn! Lalli myndi vera sendiherra hressleika í bænum. Auk þess myndi hann vera krýndur konungur Mosó, enda langflottastur.



Matti! Matti í íþróttahúsinu myndi vera mín hægri hönd. Skiptir engu hvað maður biður Matta um hann er alltaf til í að hjálpa og bara kippir hlutunum í liðinn. Hann myndi líka sjá um að halda heraga á mannskapnum ef það væri eitthvað ves.

Bronzprinsinn! Ég myndi hiklaust hafa Hilmar Stefáns í stjórninni. Vinnur á við átta menn og það þýðir ekkert að vera með neitt múður við kallinn.



Steindir Jr.! Steinþór Lócal frömuður myndi vera grín-ráðherra Mosfellsbæjar. Alli Rúts yrði aðstoðarmaður hans.

Til hvers að standa í þessu öllu ef maður getur ekki hlegið við og við?



Faðmurinn! Gústi er ekki bara með lengri faðm en Lennox Lewis, honum tekst alltaf að láta manni líða vel. Ef pólitíkin gengi eitthvað illa myndi Gústi peppa stjórnina upp. Ef allt færi á versta veg myndi hann húrra í Himma Gunn og þeir tækju lagið til að lífga upp á fundina.

Það væru engar konur í stjórninni, en allt kvenfólk væri velkomid á fundi og alla stjórnsýsluviðburði. Ekki nenni ég að hanga bara með einhverjum gaurum allan daginn að ræða pólitík. Það væri þó vel séð ef þær myndu allar vera sammála mér, bara svona til að flýta fyrir. Ég er reyndar eiginlega bara á því að allar stjórnsýslu-ákvarðanir skuli teknar á Draumakaffi þegar Hljómur er að spila. Þá eru allir svo ligeglad og mildir. Það yrði ekkert ves.



X-Slææ

Ásgeir „Slææ“ Jónsson

stillir upp sínum eigin lista fyrir komandi kosningar
asgeir@mosfellingur.is

Mosskeggur eins árs

Miðvikudaginn 8. febrúar var haldið upp á 1. árs afmæli félagsmiðstöðvarinnar Mosskeggs með pompi og prakt. Fjöldi meðlíma mætti og skemmtu þeir sér vel og smökkðu á krásingum sem í boði voru. Auk þess voru stigin létt dansspor og boðið upp á myndasýningu sem stiklaði á viðburðaríku ári Mosskeggs. Félagsmiðstöðin verður opin alla þriðjudaga fram að sumri og vonum við að sem flestir sjái sér fært að mæta.



Félagsmiðstöðin Mosskeggur hefur verið vinsæl frá byrjun



Besti staður á jarðríki

Það er nú stútfullt, litla hjartað mitt, af þakklæti og gleði og kæri Mosfellingur ég ætla að deila þessari tilfinningu með þér!

Ólíkt pistlum mínum hingað til verður þessi mun „dýpri“ og mun e.t.v. láta ykkur grípa til vasaklútanna í stað þess að valda harðsperrum í maganum á morgun.

Saga mín byrjar þegar ma & pa skilja þegar ég var sjö ára gömul. Það var nú aldeilis lán í óláni þegar aldraður faðir minn stóð fastur á þeirri skoðun sinni að við ættum að flytjast í Mosfellsbæinn, eða eins við systur kusum að kalla hann: NÖRDA-BÆINN! Ojjjjj!!!

Minn tískuþróaða Reykjavíkurborg hryllti við þeirri tilhugsun að þurfa að hafa samskipti við þessa leppalúða á sauðskinnsskóm en eftir að ég varð einn af þessum lúðum, og ég segi það með stolti, gæti ég ekki verið þakklátari fyrir sveitastemmninguna sem hér ríkir. Hér höfum við þau forréttindi að það eru aðeins tíu mínútur í draumadalinn þar sem ófáir Mosfellingar hafa farið í mini-útilegu og tíu mínútur í Kringluna ef gellan í manni þarf að víðra sig.

Að mínu mati er þetta besti staður á jarðríki til að alast upp á. Samstaðan hér í bænum hefur leitt til þess að hér hef ég eignast mína bestu vini, vini sem munu fylgja mér út lífið.

Þess vegna vil ég minna aðstöðu mína hér og prédika aðeins yfir hinum unga Mosfellingi sem er e.v.t. að hefja menntaskólagöngu. Þó svo að vinahópurinn sundrist, líkt og gerðist hjá mínum vinahópi, þá skuluð þið halda fast í gömlu vini. Það er þess virði!

You stay classy, Mosfellsbær! ;)

Kara



Helena og Jenný
úr Bachelor



TVÍFARAR • RASAÞÍVT

MOSEFELLINGUR mælir með...

...loftmyndum af Mosfellsbæ. Inn á mos. is er hægt að sjá þitt hús og þitt hverfi úr lofti. Mjög sniðugt fyrir þá sem vilja kynnast bænum betur eða þurfa að rata. Nýtum okkur tæknina!



Bestu pizzurnar í bænum



SÍMI
566-8555

ALLTAF GÓÐ TILBOÐ - ALLTAF GÓÐ TILBOÐ - ALLTAF GÓÐ TILBOÐ



Spurning til bæjarbúa

Hvernig lýst þér á Silvíu Nótt í Eurovision?

Lína



Toppurinn á lágkúrunni!

Svavar



Mér líst vel á hana. Skemmtilegt að prufa eitthvað nýtt.

Mundi



Bara ógesslega töff marr!

Steinunn



Lagið er flott en ég þoli ekki karakterinn Silvíu Nótt.

Sigrún



Fíla hana í tætlur, ég vil „floppa“ með henni frekar en e-m öðrum!

Gummi



Snilld!



Hva!!! Við erum bara vinir marr!!!




Kattaveiðari Mosó??




Sunshine babe



Ást á pöbnum



Módel í Mosó?



Hey hey! Ekki allt í góðu?




Kúrekar í Laxnesi



Draumavinkonurnar



Syngjandi sveifla



ææi.. sætir vinir



Stórt hjarta í þessum



Sindri Rót og Pizza Gauí



Heitir kappar



Þrír í faðmlögum



I'm too sexy



Bjössi og Jói myndarlegir



Júlíusson and Redwind



Gott útsýni!!!



Jólasveinninn




Gay glæpamenn??



Helgafellströllið og dalbúinn



Flooottur




Raggi menningarlegur




Ála sig undir feld?



Strákarnir á Borginni



haa!!



Séra Skúli Ármanns



TVÍTUGAR
Á TÚNFAETI



VALDÍS OG
SALÓME

FLOTTAR MEÐ FRÆNDA

ÞJÓNUSTA Í MOSFELLSBÆ

Hársnyrtistofan Belló

Háholti 14.
Sími: 586 - 8989.

Bylgja Matthíasdóttir Lcph

Hómópati homopati@hive.is
www.lifslind.is S:586-8883

Innrömmun ESS

Þverholti 5.
Ópið 12 - 18 virka daga
Sími: 566 - 7625

Saumastofa Jónu - Háholti 14.

Gluggatjaldaviðgerðir
og breytingar. Sími: 565 - 9222.

Herbalife Mosfellsbæ

Shapeworks - NouriFusion
Berglind & Kjartan. Sími: 551-2099

Bilapartar ehf.

Grænumýri 3 - Sími 587-7659
bilapartar@bilapartar.is
www.bilapartar.is

Bæjardekk

Langatanga 1a.
Sími: 566 - 8188.

Sólbaðstofa Mosfellsbæjar

Þverholti 5
Sími: 566 - 8110



SMÁAUGLÝSINGAR

Óska eftir herbergi eða stúdíóbúð til leigu.
Æskilegt í Töngunum eða næsta nágrenni.
Reyklaus, reglusemi og öruggar greiðslur.
Nánari upplýsingar í sínum, 820 5090 og 693 9110.

Gísli

Opið allan sólarhringinn



GÓUGLEÐI

í Hlégarði

FÖSTUDAGINN 3. MARS



HUNANG LEIKUR FYRIR DANSI

Húsið opnar kl. 19.30

Léttvínskynning

Tískusýning

Tapashlaðborð

Happdrætti

Helga Braga mætir og skemmtir

Veislustjóri: Ingibjörg Bergrós (Beggó)

Hljómsveitin Hunang

heldur uppi stuðinu fram eftir nóttu

Verð fyrir allt kvöldið er kr. 3900

Verð á ballið eingöngu er kr. 1700

(eftir kl. 23)

Þema kvöldsins eru

RAUTT, HVÍTT OG SVART

og eru allir hvattir til þess að klæðast

þeim litum.

Notum tækifærið,
skemmtum okkur og
fögnum góunni saman



MIÐASALA ER Í AFGREIÐSLU
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐVARINNAR AÐ VARMÁ



**Bestu pizzurnar
í bænum**

PVERHOLT 2 - KJARNI

MOSFELLINGUR



Kjarna
Pverholti 2
Sími: 534 3424



Listaskóli stofnaður

Eins og fram kemur á síðum blaðsins var Listaskóli Mosfellsbæjar stofnaður á dögunum. Myndin var tekin fyrir utan Bæjarleikhúsið við það tilefni. Frá vinstri: Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Atli Guðlaugsson skólastjóri tónlistarskólans, Daði Þór Einarsson stjórnandi skólahljómsveitarinnar, Ragnheiður Ríkhardsdóttir bæjarstjóri, Pétur R. Pétursson formaður leikfélagsins, Ásdís Sigurþórsdóttir skólastjóri myndlistarskólans og Björn Þráinn Þórðarson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Ljós: K. Tamm



Sími:
588 55 30

Netfang: berg@berg.is • www.berg.is

Opið virka daga frá kl. 9-18



Sigrún Stella Einarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
GSM: 824 0610



Pétur Pétursson
Löggiltur fasteignasali
GSM: 897 0047



Bergholt

Nýtt í sölu.
Mjög vandað 184 fm. einbýli við eina fallegustu götu Mosfellsbæjar.
4 svefnherbergi.
2 baðherbergi/snyrtingar. Björt stofa með arni. Stór bílskúr með geymslu inn af. Fallegur garður. Gróð hverfi. Nýtt K gler í öllum gluggum og nýr þakantur. **V. 39 m.**



Þorláksgæisli

Nýtt í sölu.
Glæsileg 83.6 fm. íbúð á 2. hæð auk 26 fm. bílskúrs. Samtals 109 fm. Sér inngangur. Frábær hönnun og frágangur. Eikarparkur og innréttingar úr Maghony. Tölvu- og símalagnir í herbergjum. Sér þvottahús. Stór anddyri sem er lokað af frá íbúð. Flísar á anddyri og þvottahúsi. Falleg lóð. Góð staðsetning í útjaðri byggðar. **V. 23,9 m.**



Skeljatangi

Nýkomið í sölu afar falleg 94 fm. íbúð með sér inngangi á efri hæð í fjórþýlishúsi við Skeljatanga.
3 góð svefnherbergi. Björt og falleg stofa með útgengi á stórar suður svalir. Gott geymsluloft yfir íbúð. Þetta er eign í sérflokk. Stór og gróin lóð. Hellulagt fyrir framan hús. **V. 21,3 m.**



Leirutangi

Til sölu mjög falleg 92,5 fm. íbúð á jarðhæð með sér inngangi við Leirutanga í Mosfellsbæ. Flísar á stofu. Útgegn í sér garð úr stofu. Hellulögð verönd. Fallegt eldhús með góðri eldhúsinnréttingu. Flísar á baði. Sér þvottahús. Tvö svefnherbergi. Mjög barnavænt umhverfi. Laus fljótlega **V. 17,8 m.**

Berg fasteignasala stofnuð 1989

mosfellingur@mosfellingur.is - www.mosfellingur.is